

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2010.  
Tilvísun: þskj. 144 - 131. mál

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, n. 44/2005, með síðari breytingum.

Með tölvupósti, dags. 10. nóvember 2010, var óskað eftir umsögn Skeljungs hf. varðandi framangreinda lagabreytingu. Athugasemdir félagsins eru eftirfarandi.

#### Almennar athugasemdir.

Ákvæði frumvarpsins sem um ræðir eru af tvennum toga. Annars vegar er það skilningur Skeljungs að um sé að ræða ákvæði um gjaldtöku vegna veittrar þjónustu. Skeljungur telur mikilvægt að við slíka gjaldtöku sé gætt reglna um þjónustugjöld. Hins vegar er um að ræða ákvæði sem veitir Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir. Skeljungur fagnar að sjálfsögðu aukinni samkeppni. Skeljungur vill þó, m.a. með vísan til sjónarmiða um takmarkanir á eignarrétti, hvetja til þess að farið verði eins varlega og mögulegt er í allar slíkar ráðstafanir, með vísan til meðalhófsreglu stjórnsluréttar.

#### 1. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um málskotsgjald vegna málskots til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Samkvæmt skilningi Skeljungs er um að ræða þjónustugjald. Í samræmi við reglur um þjónustugjöld leggur félagið til að í athugasemdum með ákvæðinu komi skýrt fram að gjaldinu sé ætlað að ganga upp í launakostnað áfrýjunarnefndarinnar og að skýrt sé í textanum að þær tölur um launakostnað sem nefndar eru í greinargerðinni séu launakostnaður áfrýjunarnefndarinnar en ekki Samkeppniseftirlitsins almennt. Enda mega þjónustugjöld einungis renna upp í kostnað við veitingu viðkomandi þjónustu.



3. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um gjald á fyrirtæki sem óska eftir samruna. Samkvæmt athugasemdum með ákvæðinu skal gjaldið ganga upp í þann kostnað sem hlýst af rannsókn tengdri slíkum samruna. Samkvæmt skilningi Skeljungs er því um að ræða þjónustugjald.


Af athugasemdum með ákvæðinu er hins vegar ljóst að ekki liggur útreikningur að baki upphæðinni sem nefnd er í ákvæðinu. Þar er vísað til innheimtra gjalda við önnur tækifæri, tekið fram að um sé að ræða flatt gjald en ekki gjald fyrir veitta þjónustu og að samrunagjaldið skuli vera óháð stærð þeirra fyrirtækja sem að samrunanum komi eða þeirri vinnu sem Samkeppniseftirlitið láti í té vegna hans. Skeljungur telur þessa útfærslu ekki standast.

Þegar um er að ræða þjónustugjöld, en ekki almenna skattlagningu, er óheimilt að byggja fjárhæð gjalds á sjónarmiðum um almenna tekjuöflun. Þá má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Ákvörðun um fjárhæð þjónustugjalda verður því að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Eins er heimilt að innheimta þá fjárhæð sem að meðaltali kostar að veita viðkomandi þjónustu. Ef ekki er hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði er heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun. Hvergi kemur hins vegar fram í greinargerðinni að neinir útreikningar eða tilraunir til áætlunargerðar hafi verið unnar. Skeljungur telur gjaldið því ekki byggt á lögmætum grundvelli. Um þetta hefur verið fjallað í ótal álitum Umboðsmanns Alþingis. Þó svo að gjaldið væri í raun aðeins brot af rannsóknarkostnaðinum telur félagið engu að síður að fram þurfi að koma einhvers konar útreikningar í greinargerð sem sýni fram á það.

\* \* \*

Skeljungur hefur ekki frekari athugasemdir að svo stöddu. Skeljungur þakkar veittan umsagnarrétt.

Með vinsemd og virðingu.  
f.h. Skeljungs hf.

  
Ingunn Agnes Kro, hdl.

